



Almannavarnir Árnassýslu

2. fundur Almannavarnarnefndar Árnassýslu, haldinn miðvikudaginn
21.febrúar 2018 kl: 13:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt:

Sveitarfélagið Árborg	Gísli Halldór Halldórsson
Sveitarfélagið Árborg	Sólveig Þorvaldsdóttir
Hveragerðisbær	Aldís Hafsteinsdóttir
Grímsnes og Grafningshreppur	Ingibjörg Harðardóttir
Hrunamannahreppur	Jón G. Valgeirsson
Flóahreppur	Eydís Indriðadóttir
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Björgvin Skafti Bjarnason
Bláskógabyggð	Ásta Stefánsdóttir
Sveitarfélagið Ölfus	Elliði Vignisson
Svæðisstjórn björgunarsveita	Gunnar Ingi Widnes Friðriksson
Lögreglan á Suðurlandi	Kjartan Þorkelsson
Lögreglan á Suðurlandi	Oddur Árnason
Lögreglan á Suðurlandi/AA	Björn Ingi Jónsson
Rauði krossinn	Fjóla Einarsdóttir
Almannavarnir/Brunavarnir Árnassýslu	Pétur Pétursson
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra	Rögvaldur Ólafsson
Veðurstofa Íslands	Kristín Jónsdóttir
Brunavarnir Árnassýslu	Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)

Ásta Stefánsdóttir formaður setur fundinn og býður fólk velkomið.

1. Náttúruvá - Kristín Jónsdóttir, Veðurstofu Íslands.

Kristín sagði frá virkni á helstu gosstöðvum á Suðurlandi og eftirliti með þeim. Fram kom að skjálftavirkni er ekki mikil á gosstöðvunum en Veðurstofan fylgist grannt með merkjum um kvikusöfnun og þenslu.

Umræða um jarðskjálfta á Suðurlandi, en skjálftavirkni hefur verið lítil undanfarið.

2. Stutt kynning frá almannavarnadeild RLS – Rögvaldur Ólafsson

Rögvaldur fór almennt yfir hvað almannavarnir eru og hvenær þær eru virkjaðar. Hann sagði frá „Áhættuskoðun almannavarna“ sem gefið var út árið 2011 og má finna á almannavarnir.is. Til stendur að uppfæra það rit m.a. með tilliti til aukningar ferðamanna á landinu.

Umræða um þjónustumiðstöð almannavarna sem sett var á laggirnar eftir Suðurlandsskjálftann 2008.

Umræða um kostnað í kjölfar áfalla og á hverjum sá kostnaður lendir auk kostnaðar við forvarnir og hættumat.

Umræða um hlýnun jarðar og áhættumat/hermanir sem gera þarf í tengslum við þá ógn.

3. **Verkefni í gangi hjá almannavörnum – Kjartan Þorkelsson.**

Kjartan fór yfir það góða samstarf sem er meðal viðbragðsaðila á Suðurlandi.

Lögreglan/almannavarnir hafa átt fundi með sveitastjórnnum, björgunarsveitum, Rauða krossinum o.fl aðilum á svæðinu og hefur það gefist vel. Almanna- og almannavarnarstarf voru í öllum sveitarfélögum og haldnir voru 17 fundi í allt með um 1100 fundargestum, bæði viðbragðsaðilum og almenningi.

Kjartan sagði frá stöðu á verkefnum almanna- og almannavarna varðandi viðbragðs- og rýmingaráætlanir o.fl. Þar snúa helstu áskoranir að aukningu ferðamanna og erlendra starfsmanna í ferðaþjónustu sem fræða þarf um viðbrögð við náttúruvá.

Áætlunum vegna langtíma viðbrögðum sveitarfélaga við samfélagslegum áföllum er að mestu lokið í Árnessýslu. Kjartan minnti á að endurskoða þurfi áætlanir reglulega auk þess að æfa þær til að halda áætlunum lifandi og þær virki þegar á þarf að halda.

Umræður um gróðurelda og skipulagsmál í t.d. sumarhúsabyggingum.

Kjartan kynnti uppbyggingu stjórnstöðva aðgerðarstjórna. Stærsta stjórnstöðin er í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og varastöðvar eru á Hvolsvelli og á Höfn. Einnig eru litlar nothæfar stöðvar á Hellu og Flúðum. Vettvangsstjórnstöðvar eru staðsettar í björgunarsveitarhúsum á hverjum stað.

Kjartan sagði frá því að lögreglumönnum á Suðurlandi hefur fjölgað um 16 frá stofnun embættisins, úr 38 mönnum í 54. Hann sagði einnig frá því að búið er að samþykka bættar merkingar á einbreiðum brúm m.a. með lækkun á hámarkshraða. Að mati Kjartans er umferðin stærsta vátin í okkar umhverfi í dag, en á síðasta ári létu 8 manns lífið í banaslysum á Suðurlandi. Hvatti hann sveitarstjóra að fara fram á bættar vegbætur við ríkisvaldið. Umræður um fræðslu til erlendra ferðamanna og hlutverk bílaleiganna.

4. **Stöðugildi starfsmanns almanna- og almannavarna**

Ásta og Kjartan fóru yfir hlutverk og verkefni starfsmanns almanna- og almannavarna sem fjármagnaður er af lögreglu og sveitarfélögum. Sveitarfélögin þurfa að marka stefnu um verkefni starfsmannsins og forgangsröðun.

Björn Ingi, nýráðinn starfsmaður almanna- og almannavarna, kynnir sig fyrir fundarmönnum.

Umræða um gap milli almanna- og almannavarnarnefndar og Héraðsnefndar Árnesinga, en HÁ tekur ákvörðun fyrir hönd sveitarfélaganna í Árnessýslu um framhald verkefnisins. Í

Almanna- og almannavarnarnefnd Árnessýslu eru sveitarstjórnir en þeir sitja almennt ekki í HÁ og því er nokkur gjá þar á milli. Samþykkt að framkvæmdastjórn AÁ undirbúi umræðu á þeim vettvangi á vorfundi HÁ.

Umræða um samstarf milli viðbragðsaðila á svæðinu sem er með eindæmum gott.

5. **Almanna- og almannavarnaæfing 28. febrúar nk.**

Björn Ingi og Pétur fara yfir stöðu mála og aðkomu sveitarfélaganna í almanna- og almannavarnaæfingu sem verður 28. febrúar n.k. kl 9-13 í samstarfi við orkufyrirtækin. Sveitarfélögum var boðið að taka þátt og hvetur Björn Ingi sveitarfélögin að skoða þolmörk sín í kjölfar æfingarinnar og skila niðurstöðum. Stefnt er að því að halda minni æfingar síðar fyrir sveitarfélögin.

6. **Endurskoðun samþykktar almanna- og almannavarnarnefndar.**

Ásta bar upp tillögu um að framkvæmdaráði verði falið að endurskoða samþykktir almanna- og almannavarnarnefndar, sem eru að stofni til frá 2008. Var það samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:50.